

Fundargerð 435. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 4. júní kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Magnús Þór Ásmundsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir og Ólafur Þór Snorrason tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sat fundinn: Sesselía Dan Róbertsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 434. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 434. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 30. apríl 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 28. fundar Siglingaráðs frá 4. mars 2021.

3. Vetni í höfnum - 2106001HA

Gunnar Tryggvason, sviðsstjóri viðskiptasviðs Faxaflólahafna, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu Faxaflóahafna.

4. Skipulag hafna - 2104005HA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 30. apríl 2021, en þá var formanni falið að ræða málið við Majid Eskafi og málinu frestað til næsta stjórnarfundar. Lagður var fram til kynningar og umræðu tölvupóstur Majid Eskafi hjá Háskóla Íslands - Umhverfis- og Byggingarverkfræðideild, dags. 22. mars 2021, Post-Doctoral Project Funds, ásamt fylgiskjali.

Stjórn samþykkir að veita Majid Eskafi styrk upp á 500.000 kr. árið 2021 og 500.000 kr. árið 2022.

6. Cruise Iceland og staða skemmtiferðaskipa - 2105003HA

Formaður Cruise Iceland gerði grein fyrir fundi sem samtökin áttu 3. júní 2021.

7. Hafnalög - 2105005HA

Lagt fram minnisblað frá Bryndísi Gunnlaugsdóttur, lögfræðingi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Óttari Frey Gíslasyni, forstöðumanni Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. 3. júní 2021, um heimildir til gjalddtöku af

farþegaskipum og fyrirkomulag gjaldtöku hafna í öðrum ríkjum.

Bryndís Gunnlaugsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

Bryndísi falið að vinna málið frekar.

8. Umskipun innan hafnasvæða - 2104004HA

Lagt fram minnisblað Bryndísar Gunnlaugsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 2. júní 2021, um leyfi til umskipunar olíu. Einnig lögð fram bréf sem lögð voru fram til kynningar á fundi hafnastjórnar Fjarðabyggðar 27. maí 2021 sem send voru til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, vegna umskipunar olíu á hafi innan hafnarsvæða.

Bryndís Gunnlaugsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

9. Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa - 2105001HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. maí 2021, um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 701. mál.

10. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður 3. september nk.

11. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Gert var grein fyrir veiðafærasamningi Úrvinnslusjóðs við SFS.

Bryndís Gunnlaugsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

Nánari yfirferð málsins verður á sérstökum kynningarfundum föstudaginn 11. júní 2021.

12. Innheimta vörugjalda af fóðri til fiskeldis - 2009009HA

Lagt fram bréf Fjarðabyggðarhafna, dags. 10. maí 2021, til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, um innheimtu vörugjalda af fóðri til fiskeldis sem er landað eða umskipað innan hafnasvæðis, ásamt fylgiskjöllum.

Fundi var slitið kl. 13:30

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason